

Minnisblað

Til: Byggðarráðs Dalabyggðar

Frá: Ívari Erni Þórðarsyni, slökkviliðsstjóra Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

Efni: Umsögn slökkviliðsstóra vegna úttektar HMS á slökkviliðum Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda

Umsögn Slökkviliðsstjóra.

Fulltrúar frá Brunamáladeild Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar framkvæmdu úttekt á Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda ásamt slökkviliðum þar undir þann 6. September 2021.

Við þá skoðun eftirlitsaðila komu fram nokkrar athugasemdir varðandi húsnæði slökkviliðs Dalabyggðar, búnað, bifreiðar og rekstur slökkviliðsins. Í flestum tilfellum var um að ræða lítil frávik eða atriði sem þörf er á að bæta úr en einnig eru atriði sem voru ekki í lagi og er veruleg þörf á að bæta úr. Athugasemdir snúa helst að húsnæði og aðbúnaði á stöð, skort á búnaði, hlífðarfatnaði og menntun til þess að sinna lögbundinni þjónustu og þá sérstaklega átt við viðbrögð við slysum þar sem mengandi- og hættuleg efni koma við sögu. Þá er sett út á aldur slökkvibifreiða en tankbíll liðsins er yfir 30 ára. Einnig þarf að bæta vatnsöflun í sveitarfélaginu, bæði í þétt- og dreifbýli.

Fjöldi athugasemda í skýrslu:

Lítið frávik: 7

Þarfnast úrbóta: 15

Ekki í lagi: 9

Húsnæði

Ekki í lagi.

Húsnæði slökkviliðsins uppfyllir ekki kröfur varðandi plássþörf slökkvistöðvar sbr. leiðbeiningum HMS nr. 6.086.¹ Einnig uppfyllir húsnæðið ekki kröfur samkvæmt Lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum 46/1980².

Þó nokkur viðhaldsþörf er á húsnæðinu og þá sérstaklega á gluggum og hurðum en einnig er þörf á að bæta aðstöðu innandyrna hvað varðar aðbúnað og vinnupláss. Mikil þörf er á rýmra húsnæði fyrir starfsmena en sömuleiðis eru aðrir viðbragðsaðilar í húsnæðisþörf, svo sem sjúkraflutningar HVE. Tilvalið væri að sameinast um byggingu húsnæðis þar sem um skylda starfsemi er að ræða og jafnvel sömu starfsmenn starfa hjá báðum einingum. Slökkviliðsstjóri leggur því til að á gildistíma nýrrar brunavarnaáætlunar verði unnið að því að koma upp björgunarmiðstöð með viðeigandi aðstöðu fyrir viðbragðsaðila og almannavarnir á svæðinu og slík aðstaða verði komin í byggingu ekki seinna en árið 2026.

Núverandi húsnæði.

Sem fyrr segir er talsverð viðhaldsþörf á húsnæðinu en einnig þörf á að bæta alla vinnuaðstöðu. Útidyr liggur undir skemmdum vegna viðhaldsleysis, þröskuldur ónýtur og hurð að skemmast. Viðhald á gluggum og hurðum hússins hefur verið ábótavant í langan tíma og innanhús þarf að bæta vinnuaðstöðu fyrir viðhald og hreinsun búnaðar ásamt geymsluplássi fyrir aukabúnað liðsins. Við sölu

¹ <https://hms.is/media/8756/6086-slokkvistodvar-plassthof-utg-200.pdf>

² [46/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)

á eldri slökkvibíl skapaðist meira pláss fyrir annað en það dugar þó skammt. Með bættri aðstöðu mun ganga betur að halda stöðinni snyrtilegri. Í húsinu er ekki viðeigandi aðstaða fyrir mannskapinn til þess að setjast niður og funda eftir æfingar eða aðgerðir og þá er ekki pláss til þess að koma slíku fyrir.

Framkvæmdaáætlun fyrir húsnæði.

Árið 2022.

Undirbúningur fyrir endurnýjun á húsnæði slökkviliðsins, könnun á sameiginlegri aðstöðu fyrir viðbragðsaðila á svæðinu. Vinnuaðstaða sett upp. Þrif-aðstaða með vaski. Vinnuborð með skrifstykki og öðrum viðeigandi verkfærum. Vinnuborð og aðstaða fyrir loftpressu ásamt viðeigandi loftinntaki. Hillur fyrir auka slöngur og búnað. Reykræsi rör fyrir bílana, viðbót við loftræsingu. Tengja heitt vatn fyrir salernisvask. Leiðar- og neyðarljós sett upp. Minniháttar viðhald á gluggum og hurðum til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdir. Undirbúningsvinna sett í gang vegna endurnýjunar húsnæðis fyrir slökkviliðið og jafnvel aðra viðbragðsaðila.

Árin 2023-2025.

Áframhaldandi viðhald eftir þörfum. Undirbúningur vegna endurnýjunar húsnæðis.

Árið 2026.

Ný slökkvistöð í byggingu eða tilbúin.

Rekstur slökkviliðsins.

Í þessum kafla eru tvær athugasemdir sem ekki teljast í lagi og sex þar sem úrbóta er þörf og hanga nokkrar þessara athugasemda saman.

Lögbundin þjónusta.

Ekki í lagi.

Slökkviliðið er ekki í stakk búið til þess að sinna öllum lögbundnum hlutverkum sínum vegna skorts á lágmarks mengunarvarnarbúnaði og þjálfunar í notkun á honum. Þar er meðal annars átt við viðeigandi hlífðargalla, verkfæri og efni til upphreinsunar.³ Þessi athugasemd tengist athugasemdum er varða þjálfun mannskaps og persónulegra hlífðarfata og búnaðar.

Samningar-

Þarfnast úrbóta

Gera þarf samninga við þau slökkvilið sem hafa yfir viðeigandi búnaði að ráða, til þess að takast á við stærri mengunarslys á svæðinu, og lágmarks búnaður dugar ekki til. Einnig er þörf á að gera þjónustu- og samstarfssamninga við einhver af nágretta sveitarfélögunum í kringum þjónustusvæði BDRS en einnig við aðra þjónustuaðila og verktaka s.s. Vegagerðina.

Brunavarnaáætlun ekki í gildi.

Ekki í lagi.

Vinnsla brunavarnaáætlunar er á lokametrunum og koma öll þessi atriði fram í henni ásamt áætlun um úrbætur (framkvæmdaáætlun).

Vatnsöflun, vatnsmagn og þrýstingur fyrir slökkvistarf.

Þarfnast úrbóta. (Ekki í lagi)

Slökkvistjóri hefur við vinnslu brunavarnaáætlunar tekið saman staðsetningu brunahana í þéttbýli ásamt þeim upplýsingum sem liggja fyrir varðandi rennsli þeirra. Staðan á ástandi brunahana í Búðardal er ekki góð en meðal gagna sem slökkviliðsstjóri fann var skýrsla frá Brunamálastofnun frá 1997 þar sem gert var átak í skoðun á þessum málaflokki á landsvísu og var Búðardalur einn af þeim

³ <https://hms.is/media/8723/6065-leidbeiningar-um-lagmarksbunad-afskriftir-og-ureldingu-bunadar-utg-20.pdf>

sem fengu verstu einkunn úr þeirri úttekt. Síðan þá hefur eitthvað batnað en þó vantar mikið upp á bæði varðandi fjölda/þéttleika brunahana en einnig skortir upp á það vatnsmagn sem þeir skila miðað við það brunaálag sem er í þeirra nágrenni. Þessi skortur er bættur að einhverju leiti með froðubúnaði á slökkvibíl og auka vatnsmagni á tankbíl en það dugar skammt ef eldur nær að vaxa umfram getu búnaðar. Fjölga þarf brunahönum sem eru á aðal vatnsæð frá Svínadal, sérstaklega á iðnaðar- og verslunarsvæðinu. Til að mynda er brunahaninn hjá Vegagerðinni ekki nema 1/3 af því sem hann þarf að vera, eins eru yfir 200 m í næsta brunahana frá verslun Krambúðarinnar og vélaverkstæði þar á bakvið og þá eru 600 m frá hesthúsahverfinu að næsta brunahana. Aðgerðir sem snúa að þessum málaflokki tilheyra vatnsveitu Dalabyggðar og eru áform um að bæta úr þessum málum á næstu misserum. Nú þegar þetta er skrifað er þegar búið að bæta nokkur atriði sem komu fram við skoðun á brunahönum sumarið 2021.

Hvað varðar vatnsöflun í dreifbýli þá er því miður ekki enn tilbúin góður listi eða kort fyrir hentuga vatnstökustaði fyrir slökkvistarf. Unnið verður að úrbótum þar á í samvinnu við þá sem þekkja vel til á hverjum stað.

Búnaður slökkviliðs

Ekki í lagi / Þarfnast úrbóta

Eins og áður hefur verið tekið fram þá er bráð þörf á því að bæta við búnaði til þess að takast á við mengunarslys og þarf hvert slökkvilið innan BDRS að eiga lágmarks búnað til þess að takast á við þær hættur sem á svæðinu er. Einnig er æskilegt að til staðar sé sameignlegur búnaður fyrir stærri hættur sem þó eru sjaldgæfari. Um er að ræða allt frá lekum bensín- eða olíutönkum fólksbíla, hreinsiefnum fyrirtækja, íblöndunarefni fyrir sundlaugar, kæligas hjá frystihúsum (Ammóníak), veitingastöðum og verslunum. Einnig er talsvert um flutning efna um þjóðvegi sveitarfélaganna, hvort sem er með olíuflutningabílum eða sem minni farmur í flutningabílum. Samkvæmt upplýsingum af slysakorti Samgöngustofu hafa 34 stærri bílar, þar af 16 vörubílar í flokki 1 og 2 lent í óhappi innan marka Dalabyggðar frá 01.01. 2011 -31.12.2020. Þetta eru öll óhöpp án tillits til slysa á fólki eða aðstæðna.

Einnig er þörf á því að bæta við ýmsum búnaði vegna annara þjónustuliða. Þar má nefna búnað til vatnsöflunar, söfnunarlaugar, dælur o.fl., einnig ýmisleg minni verkfæri og áhöld sem auka öryggi þeirra sem eru í neyð og þeirra sem neyðaraðstoð veita. Eitt af því sem tekið er fram í skýrslu HMS er fyrstu hjálpar búnaður s.s. hjartastuðtæki. Ekki er ásættanlegt að gera ráð fyrir því að sjúkrabíll sé alltaf til staðar ef óhapp verður á vettvangi.

Búnað slökkviliðsins þarf að endurnýja með reglulegu millibili og afskrifast búnaður á 10 til 15 árum (fer eftir búnaði og framleiðanda). Til þess að dreifa álagi á endurnýjun þarf að tryggja nægt fé til búnaðarkaupa á hverju ári ásamt fjárfestingarfé til kaupa á nýjum búnaði.

Verklagsreglur, skráning og tilkynningar

Þarfnast úrbóta

Slökkvistjóri þarf að bæta úr skráningu á reglulegu innra eftirliti á búnaði liðsins. Auk þess er þörf á því að gera aðgengilega verkferla fyrir starfið. Þetta ferli er þegar hafið.

Þjálfun og menntun

Slökkviliðsmenn með reykköfunarréttindi

Ekki í lagi

Eins og staðan er í dag þá er enginn starfsmaður á vegum BDRS með gild reykköfunarréttindi. Ekki er gert ráð fyrir að allir slökkviliðsmenn verði reykkafarar og eru ýmsar ástæður fyrir því. Hins vegar hefur tafist að senda þá sem munu starfa sem reykkafarar í viðeigandi læknisskoðun og þolpróf ásamt því að ná tilætluðum tíma í reykköfun. Úr því verður bætt með markvissari þjálfunaráætlun og er það ferli þegar hafið.

Menntun slökkviliðsins

Allir nýliðar liðsins hafa lokið bóklegu námi hjá Brunamálaskólanum en eiga eftir að klára verklega hluta þess sem snýr að öðru en bruna.

Hlíðarfatnaður og búnaður slökkviliðsmanna

Ekki í lagi.

Hlíðarfatnaður vegna eiturefna

Sem fyrr segir þá vantar allan búnað vegna mengandi efna.

Viðurkenndur undirfatnaður sem bráðnar ekki við hita

þarfnast úrbóta

Ökutæki

Nýlega var tekin í notkun loftpressa til þess að viðhalda loftþrýstingi á takbíl. Gera þarf einhverjar breytingar á inntaki fyrir loft til þess að nýta búnaðinn eins og til er ætlast.

Við úttekt HMS kom fram bilun í froðubúnaði aðal slökkvibíls. Um minniháttar bilun var að ræða og bíllinn ekki óvirkur. Bíllinn er í góðu lagi í dag.

Tankbifreið, aldur.

Ekki í lagi

Tankbíl slökkviliðsins er gamall fjórhjóladrifinn mjólkurbíll af gerðinni MAN 19.291, árgerð 1989 eða 32 ára. Bíllinn er útbúinn með gamalli dælu úr Bedford sem dælir 4.200 l/min. Bíllinn er öflugt tæki en fer að þarfnast mikils viðhalds. Huga þarf að endurnýjun á honum á næstu árum. Þröngur húsakostur kemur í veg fyrir að stærri og öflugri bíll komi í staðin.

Aðgerðar- og framkvæmdaáætlun.

Helstu verkefni næstu fimm ára.

Núverandi húsnæði.

Sem fyrr segir er talsverð viðhaldspörf á húsnæðinu en einnig þörf á að bæta alla vinnuáðstöðu. Útidyr að bílasal liggur undir skemmdum vegna viðhaldsleysis, þröskuldur ónýtur og hurð að skemmast. Viðhald á gluggum hússins hefur verið ábótavant í langan tíma og eru skemmdir víða ásamt því að gler er ónýtt. Innanhúss þarf að bæta vinnuáðstöðu fyrir viðhald og hreinsun búnaðar ásamt geymsluplássi fyrir auka búnað liðsins. Nýlega var komið fyrir loftræsingu í húsinu vegna útblásturs af bílum en þörf er á að betrubæta lagnir til þess að kerfið skili betri árangri.

Í húsinu er ekki viðeigandi aðstaða fyrir mannskap til þess að setjast niður til funda eftir æfingu eða aðgerð né er pláss til þess að koma slíku fyrir.

Aðgerðaráætlun fyrir húsnæði.

2022.

Undirbúningsvinna sett í gang vegna endurnýjunar húsnæðis. Könnun á samvinnuverkefni viðbragðsaðila um byggingu sameiginlegs húsnæðis undir björgunarmiðstöð með áætluð verklok ekki seinna en 2026.

Vinnuáðstaða sett upp. Þrif aðstaða með vaski. Vinnuborð með skrifstykki. Vinnuborð og aðstaða fyrir loftpressu ásamt viðeigandi loftinntaki. Hillur fyrir auka slöngur og búnað. Reykræsi rör fyrir bílana, viðbót við loftræsingu. Tengja heitt vatn fyrir salernisvask. Leiðar og neyðarljós sett upp. Minniháttar viðhald á gluggum og hurðum til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

2023-2025.

Áframhaldandi viðhald eftir þörfum. Undirbúningur vegna endurnýjunar húsnæðis.

2026.

Ný slökkvistöð í byggingu eða tilbúin.

Búnaðarkaup slökkviliðsins

Stærri búnaður.

2022

Kerra fyrir auka búnað sem ekki kemst fyrir á bílum (2021). Hlíðargallar og búnaður vegna hættulegra efna. Söfnunarlaug fyrir slökkvivatn. Árleg endurnýjun búnaðar.

2023

Mannskaps- og tækjabíll. Viðbætur við mengunarvarnarbúnað. Laus slökkvidæla, 1.000-1.500 l/min.

2024

Stjórnenda- og þjónustubifreið. Viðbætur við lámarksbúnað.

2025

Viðbætur við lámarksbúnað.

2026

Nýr tank- og dælubíll. (Nýtt húsnæði).